



Til:
Efni:
Upplýsingar:

bogi@dalir.is
Re: Gildurbrekkur í Dalabyggð
Sent: 24.07.2018 16:05:42 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018060016, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018060016

Vísað er til bréfs frá Dalabyggð, dagsett 7. mars sl. sem barst með meðfylgjandi tölvupósti dagsettu 7. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Hlíðar í Hörðudal.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skiplagslýsingu (breyting á aðalskipulagi) fyrir framangreint svæði þann 17. apríl sl., sjá meðfylgjandi. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að viðkomandi svæði sé tekið undir frístundabyggð. Betur hefði mátt lýsa því landi sem um ræðir en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar virðist á umræddu landi fyrst og fremst vera gras- og mólendisvistgerðir en einnig lítil svæði með votlendi. Rétt er að taka fram að greining fór fram með fjarkönnun á þessu svæði, ekki vettvangsvinnu, og því ekki víst að greiningin sé mjög nákvæm t.d. hvað varðar votlendi. Vissulega kemur fram í skipulagstexta, kafli 4.10, að miða skuli að því að vernda lífríki svæðisins en tilgreina mætti nánar í textanum t.d. vernd votlendis og að notkun framandi ágengra tegunda sé ekki leyfð á svæðinu bæði til að vernda náttúruna almennt en einnig er óvíst að allir lóðarhafar vilji t.d. ágengar framandi plöntur inn á sín lönd, þ.e. skýra þarf orðalag.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 17. apríl sl.:

„Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá byggingarfulltrúanum í Búðardal, dags. 8. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur að breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar 20004-2016. Um er að ræða tillögur er varða annars vegar íbúðarsvæði í Búðardal, stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal og hins vegar frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir tillögurnar með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar. Fyrri tillagan hér að framan eru breytingar á skipulagi sem er að mestu innan þéttbýliskjarnans í Búðardal og munu þær breytingar hafa lítil áhrif á náttúrufer almennt að mati Náttúrufræðistofnunar og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við þær.

Tillaga um frístundasvæði o.fl. í landi Hlíðar mun ólíklega hafa mikil áhrif á náttúrufer skv. greinargerð. Í greinargerð er hins vegar ekki að finna góða lýsingu á náttúruferi á því svæði sem um ræðir eða t.d. kort sem sýnir nákvæma staðsetningu svæðisins. Landið sem um ræðir er nú skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gera má ráð fyrir að svæðinu og staðsetningu þess verði betur lýst í deiliskipulagi. Af lýsingu á staðsetningu svæðisins að dæma og við skoðun loftmynda er það nálægt Vífilisdalsá og Laugará á grónu landi en ræktað tún er á milli Vífilisdalsár og Hörðudalsvegur eystri. Eins og fyrr segir kemur ekki fram hvar frístundasvæðið nákvæmlega er. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um neinar náttúruminjar á því svæði sem um ræðir samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif væntanlegs skipulags m.t.t. allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna."

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Date: 06/08/2018 10:07:18 AM
To: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Subject: Fw: Gildurbrekkur í Dalabyggð

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 08.06.2018 10:07 -----

From: Byggingarfulltrúinn í Búðardal <byggingarfulltrui@dalir.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 07.06.2018 14:46
Subject: Gildurbrekkur í Dalabyggð

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðarholtsstræti 6-8
210 Garðabæ

Skipulags og byggingarfulltrúi Dalabyggðar óskar eftir umsögn vegna deiliskipulagstillögu í landi Hlíðar í Hörðudal Dalabyggð.

Skipulagið hefur fengið nafnið Gildurbrekkur og eru öll meðfylgjandi gögn í viðhenginu .

Meðfylgjandi er skipulagsuppráttur sem unnin er af Halli Kristmundssyni BFÍ , dags: apríl 2018 ásamt ósk um umsögn.

Kær kveðja

Bogi Kristinsson Magnusen

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Dalabyggðar, Reykhóla-, Kaldrananes- og Árneshrepps

Miðbraut 11 370 Búðardal Dalabyggð.

S: 430-4700 / 434-7880

